

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd

Reykjavík 17. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn. Þingskjal 104 – 104. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn.

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn að nýju um ofangreint mál en samtökin skiluðu inn umsögn um sama mál í apríl 2022. Ný umsögn er nær samhljóða þeirri fyrri.

### **Mikilvæg heilbrigðisþjónusta við börn**

Samtökin fagna tillögunni, taka undir hana og hvetja til þess að hún verði samþykkt sem fyrst. Tannréttingar eru mikilvæg heilbrigðisþjónusta við börn sem þau eiga að njóta án mismununar.

Barnaheill unnu ötullega að því að tannlækningar yrðu gerðar gjaldfrjálsar fyrir öll börn og var það skref tekið til fulls og er það vel. Nú er rétt að næsta skref verði tekið og þannig búið um að tannréttingar barna verði einnig gerðar gjaldfrjálsar.

### **Niðurgreiðsla þarf að ná til allra tannréttinga**

Barnaheill vilja vekja athygli á að tryggja þarf að allar tannréttingar hjá fagmenntuðum tannréttingasérfræðingum verði gerðar gjaldfrjálsar til jafns en tækniþróun hafa orðið á sviði tannréttinga sem taka verður gildar og tryggja börnum tækifæri til að nýta sér þær. Barnaheillum hafa borist fregnir af því að börnum sé mismunað um niðurgreiðslu á tannréttingum vegna þess að ný tækni hefur enn ekki verið tekin gild hjá sjúkratryggingum. Þess þarf að gæta að jafna aðgengi barna að nýjum aðferðum í tannréttingum og að ekki aðeins börn efnameiri foreldra hafi tækifæri til að nýta sér hana. Og þó að ekki náist að fá fram fulla niðurgreiðslu á tannréttingum þá þarf að hefja niðurgreiðslu á nýrri tannréttingatækni til jafns við eldri aðferðir.

### **Barnasáttmálinn og bann við mismunun**

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Samtökin vekja sérstaka athygli á rétti allra barna til að vera ekki mismunað um aðgang að tækifærum til að nýta sér heilbrigðisþjónustu.